

## REGLUGERÐ

### um breytingu á reglugerð nr. 449/1990, um endurgreiðslu virðisaukaskatts af vinnu manna við íbúðarhúsnæði, með síðari breytingum.

#### 1. gr.

Við 2. gr. reglugerðarinnar bætist ný málsgrein svohljóðandi:  
Skilyrði endurgreiðslu samkvæmt reglugerð þessari er að seljandi vöru og þjónustu sé skráður á virðisaukaskattsskrá á því tímamarki þegar viðskipti eiga sér stað.

#### 2. gr.

Á eftir orðinu „Vinnu“ í 2. tölul. 4. gr. reglugerðarinnar bætist: stjórnenda skráningarskyldra ökutækja,.

#### 3. gr.

Í stað orðanna „skattstjóra í því umdæmi þar sem þeir eiga lögheimili“ í 1. mgr. 7. gr. og 12. gr. reglugerðarinnar kemur: ríkisskattstjóra.

#### 4. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 8. gr. reglugerðarinnar:

- a. Við 1. mgr. bætist nýr málslíður svohljóðandi: Ef sótt er um endurgreiðslu með rafrænum hætti getur ríkisskattstjóri heimilað að rafrænn sölureikningur, myndrit sölureiknings eða hreyfingarlistar fylgi endurgreiðslubeiðni í stað frumrits sölureiknings.
- b. Í stað orðsins „skattstjóra“ tvisvar sinnum í 3. mgr. kemur: ríkisskattstjóra.
- c. Við greinina bætist ný málsgrein svohljóðandi: Skylt er að varðveita sölureikninga og önnur gögn sem umsókn byggist á í sjö ár frá lokum þess árs er sótt var um endurgreiðslu.

#### 5. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 10. gr. reglugerðarinnar:

- a. Í stað hlutfallstölunnar „24,5%“ í 1. mgr. kemur: 24%.
- b. Í stað hlutfallstölunnar „7,75%“ í a lið 1. mgr. kemur: 7,60%.
- c. Í stað hlutfallstölunnar „8,75%“ í b lið 1. mgr. kemur: 8,60%.
- d. Í stað hlutfallstölunnar „6,25%“ í c lið 1. mgr. kemur: 6,15%.
- e. Í stað hlutfallstölunnar „5,45%“ í 3. mgr. kemur: 5,35%.

#### 6. gr.

Í stað orðanna „14 dögum eftir að skattstjóra“ í 3. másl. 2. mgr. 13. gr. reglugerðarinnar kemur: 30 dögum eftir að ríkisskattstjóra.

#### 7. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 14. gr. reglugerðarinnar:

- a. Í stað orðsins „Skattstjóri“ tvisvar sinnum í 1. mgr. kemur: Ríkisskattstjóri.
- b. Í stað orðsins „skattstjóri“ í 2. mgr. kemur: ríkisskattstjóri.

#### 8. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 1. mgr. 16. gr. reglugerðarinnar:

- a. Í stað orðsins „skattstjóri“ kemur: ríkisskattstjóri.
- b. Í stað orðsins „skattstjóra“ kemur: ríkisskattstjóra.

9. gr.

Reglugerð þessi er sett með stoð í 42. gr. laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, með síðari breytingum, og öðlast gildi 1. janúar 2015.

*Fjármála- og efnahagsráðuneytinu, 19. desember 2014.*

F. h. r.

**Marianna Jónasdóttir.**

\_\_\_\_\_  
*Guðrún Þorleifsdóttir.*

\_\_\_\_\_  
B-deild – Útgáfud.: 23. desember 2014